



Skautasamband Íslands: Reglugerð

Reglugerð um mótanefnd

Mótanefnd er nefnd á vegum ÍSS skipuð í framhaldi af skautaþingi til tveggja ára. Formaður er tilnefndur af stjórn ÍSS á fyrsta fundi eftir skautaþing en auk hans skulu a.m.k. þrír aðrir eiga sæti í nefndinni, einnig skipaðir af stjórn ÍSS. Nefndarmenn skulu koma frá félögunum og skal leitast við að a.m.k. einn fulltrúi sé frá hverju félagi.

Hvert aðildarfélag skipar mótstjóra fyrir hvert keppnistímabil fyrir 1. júlí ár hvert. Mótstjórar aðildarfélaganna eru tengiliðir formanns mótanefndar ÍSS og aðildarfélags síns, og sjá, með honum um skipulag og framkvæmd móta ÍSS á tímabilinu. Sér reglur gilda um Reykjavíkurlaikana (RIG) og Norðurlandamót.

Stjórn ÍSS skipar eftirlitsaðila á mótum, annan en mótstjóra, og er sá fulltrúi viðstaddur á meðan á móti stendur. Fulltrúi mótanefndar/eftirlitsfulltrúi ÍSS, formaður mótanefndar og mótstjóri geta ekki annast önnur störf fyrir aðildarfélögin á meðan mót stendur yfir.

ÍSS sér um allar tilkynningar og útgáfu úrslita fyrir fjölmiðla fyrir, á meðan og eftir öll ÍSS mót.

Verksvið mótanefndar:

- Mótanefnd skal hafa eftirlit með framkvæmd á öllum mótum á Íslandi. Mótanefnd hefur, að auki, yfirumsjón með öllum ÍSS mótum.
- Mótanefnd sér um árlega endurskoðun og uppfærslu á Mótahandbók ÍSS í samvinnu við dómara- og tækniráð og skulu öll mót fara fram í samræmi við hana.
- Mótanefnd hefur umsjón með skýrsluskilum vegna allra móta. Mótstjórum aðildarfélags sem fer með ÍSS mót hverju sinni ber að skila inn skýrslu um mótið til formanns mótanefndar ÍSS innan tveggja vikna frá mótslokum.
- Aðildarfélögum ber að skila skýrslu til formanns mótanefndar um önnur mót á forræði aðildarfélaga innan tveggja vikna frá mótslokum. Mótstjóri viðkomandi aðildarfélags er ábyrgur fyrir skýrsluskilum.
- Formaður mótanefndar hefur heimild til að kalla eftir skýrslum frá aðildarfélögum vegna móta.
- Formaður mótanefndar skilar heildarskýrslu fyrir mótahald keppnistímabilsins til stjórnar ÍSS eigi síðar en í lok þess.